

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1946****2021/EES/72/14****frá 11. júlí 2017**

um viðbætur við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB og 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tæmandi lista yfir upplýsingar sem fyrirhugaðir eigendur láta fylgja með í tilkynningu um fyrirhuguð kaup á virkum eignarhlut í verðbréfafyrirtæki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 8. mgr. 10. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ⁽²⁾, einkum 8. mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fyrirhugaður eigandi á virkum eignarhlut í verðbréfafyrirtæki ætti að leggja fram upplýsingar af tæmandi lista þegar upphafleg tilkynning berst til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að meta fyrirhuguð kaup. Fyrirhugaður eigandi ætti að afhenda upplýsingar sem varða deili á honum og þeim einstaklingum sem munu stjórna starfseminni, hvort sem um er að ræða einstakling eða lögaðila, til að auðvelda lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins að meta orðspor fyrirhugaðs eiganda.
- 2) Upplýsingar um auðkenni raunverulegs eiganda og orðspor og reynslu þeirra einstaklinga sem í reynd stjórna starfsemi fyrirhugaðs eiganda eru einnig nauðsynlegar þegar fyrirhugaður eigandi er lögaðili. Ef fyrirhugaður eigandi er eða á að verða í formi fjárvörslusjóðs er það sömuleiðis nauðsynlegt að lögbært yfirvald markfyrirtækisins fái afhentar upplýsingar bæði um hverjir fjárvörsluaðilarnir eru sem munu stýra eignum sjóðsins og einnig hverjir eru raunverulegir eigendur þessara eigna svo að hægt verði að meta orðspor og reynslu þessara aðila.
- 3) Ef fyrirhugaður eigandi er einstaklingur er nauðsynlegt að fyrir liggja upplýsingar bæði um fyrirhugaðan eiganda og um hvert það fyrirtæki sem sá aðili stjórnar formlega eða ræður yfir, í því skyni að láta lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins í té allar upplýsingar sem skipta máli við mat á orðspori. Ef fyrirhugaður eigandi er lögaðili er nauðsynlegt að fyrir liggja upplýsingar um einstaklinga sem í reynd stjórna starfsemi fyrirhugaðs eiganda, fyrirtæki undir yfirráðum þeirra og hluthafa sem hafa veruleg áhrif á fyrirhugaðan eiganda í því skyni að láta lögbæra yfirvaldinu í té allar upplýsingar sem skipta máli við mat á orðspori.
- 4) Upplýsingarnar sem skipta máli fyrir mat á orðspori ættu að taka til ítarlegrar lýsingar á fyrri eða yfirstandandi sakamálum sem og einka- og stjórnsýslumálum. Sömuleiðis ætti að veita upplýsingar um allar yfirstandandi rannsóknir og málsmeðferðir, viðurlög eða aðrar ákvarðanir sem varða framfylgd laga gegn fyrirhuguðum eiganda, ásamt öðrum upplýsingum s.s. synjun á skráningu eða brottvikningu úr starfi eða trúnaðarstöðu sem telst skipta máli fyrir mat á orðspori fyrirhugaðs eiganda.
- 5) Veita ætti upplýsingar um hvort mat á orðspori sem eigandi, eða einstaklingur sem stjórnar starfsemi lánastofnunar, líftrygginga-, váttrygginga- eða endurtryggingafélags, verðbréfafyrirtækis eða annars aðila hafi þegar farið fram af hálfu

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 276, 26.10.2017, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

annars lögbærs yfirvalds eða annars yfirvalds og sé sú raunin ætti fyrirhugaður eigandi að afhenda niðurstöðu slíks mats til að tryggja að lögbær yfirvöld markfyrirtækisins taki tilhlýðilegt tillit til niðurstöðu rannsókna sem önnur yfirvöld hafa framkvæmt við mat á fyrirhuguðum eiganda.

- 6) Afhenda ætti fjármálaupplýsingar um fyrirhugaðan eiganda í því skyni að meta fjárhagslegt heilbrigði þessa fyrirhugaða eiganda.
- 7) Veita ætti upplýsingar um fjárhagslega og ófjárhagslega hagsmuni eða tengsl fyrirhugaðs eiganda við hluthafa, framkvæmdastjóra eða aðila í framkvæmdastjórn markfyrirtækisins eða einstaklings sem hefur atkvæðisrétt í markfyrirtækinu eða við sjálft markfyrirtækið eða samstæðu þess, til að gera lögbæru yfirvaldi hennar kleift að meta hvort tilvist hugsanlegra hagsmunaárekstra muni hafa áhrif á fjárhagslegt heilbrigði fyrirhugaðs eiganda.
- 8) Þegar fyrirhugaður eigandi er lögaðili er nauðsynlegt að gefa ákveðnar viðbótarupplýsingar, þ.m.t. upplýsingar um hlutfjáreign eða áætlaða hlutfjáreign fyrir og eftir fyrirhuguð kaup, til að gera lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins kleift að ljúka við mat á fyrirhuguðum eignarhlut í tilvikum eins og þegar rekstrarform að lögum eða skipulag samstæðu sem á í hlut gæti verið flókið og mögulega skapað þörf fyrir ítarlega endurskoðun í tengslum við orðspor, nán tengsl, hugsanlega aðgerð í samráði við aðra aðila og getu lögbærs yfirvalds markfyrirtækisins til að halda áfram skilvirku eftirliti með því.
- 9) Þegar fyrirhugaður eigandi er með staðfestu í þriðja landi eða er hluti af samstæðu með staðfestu utan Sambandsins ætti að láta í té viðbótarupplýsingar til að lögbært yfirvald markfyrirtækisins geti metið hvort hindranir séu á skilvirku eftirliti með markfyrirtækinu vegna lagareglna í þriðja landi og geti gengið úr skugga um orðspor fyrirhugaðs eiganda í þriðja landi.
- 10) Þegar fyrirhugaður eigandi er fjárfestingarsjóður í ríkiseigu ætti fyrirhugaður eigandi að afhenda upplýsingar til að taka af tvímæli um stjórnendur sjóðsins og fjárfestingarstefnu hans. Þetta skiptir máli fyrir lögbært yfirvald markfyrirtækisins, bæði vegna mats á orðspori og til að meta hvort hindranir eru á skilvirku eftirliti með markfyrirtækinu.
- 11) Óska ætti eftir sértækum upplýsingum sem auðvelda mat á því hvort fyrirhuguð eign hafi áhrif á getu lögbærs yfirvalds markfyrirtækisins til að framkvæma skilvirkt eftirlit með aðilanum sem fyrirhugað er að eignast. Í þessu ætti að felast mat á því hvort nán tengsl fyrirhugaðs eiganda muni hafa áhrif á getu markfyrirtækisins til að halda áfram að veita eftirlitsaðilanum tímanlegar og nákvæmar upplýsingar. Að því er varðar lögaðila er einnig nauðsynlegt að meta áhrif fyrirhugaðrar eignar á samstæðueftirlit með markfyrirtækinu og samstæðunni sem það tilheyrir.
- 12) Veita ætti upplýsingar um fyrirhuguð kaup, þ.m.t. upplýsingar varðandi allar fjármögnunarleiðir og leggja ætti fram gögn um hvaðan fjármagn og eignir koma upphaflega til að lögbært yfirvald markfyrirtækisins geti metið hvort hætta sé á peningþvætti.
- 13) Fyrirhugaðir eigendur sem eiga virkan eignarhlut sem nemur 20% til 50% í markfyrirtækinu ættu að veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins upplýsingar um stefnuáætlun í því skyni að tryggja ítarlegt mat á fyrirhuguðum eignarhlut. Á sama hátt ættu fyrirhugaðir eigendur, sem eiga virkan eignarhlut sem er minni en 20% í markfyrirtækinu, en hafa samsvarandi áhrif í honum á annan hátt, s.s. með tengslum milli fyrirhugaðs eiganda og fyrirliggjandi hluthöfum, hluthafasamningum, dreifingu hlutabréfa, eignarhlutdeild og atkvæðisrétti meðal fleiri hluthafa eða í gegnum stöðu fyrirhugaðs eiganda innan samstæðuskipulags markfyrirtækisins, einnig að veita þessar upplýsingar til að tryggja mikla einsleitni í mati á fyrirhuguðum eignarhlut.
- 14) Þegar fyrirhugað er að breyta stjórnun markfyrirtækisins ætti fyrirhugaður eigandi að hafa þá almennu reglu að leggja fram tæmandi viðskiptaáætlun. Þegar ekki eru fyrirhugaðar neinar breytingar á stjórnun markfyrirtækisins er þó nóg að ráða yfir ákveðnum upplýsingum um framtíðarstefnu aðilans og fyrirætlanir fyrirhugaðs eiganda fyrir markfyrirtækið í því skyni að meta hvort þetta muni hafa áhrif á fjárhagslegt heilbrigði fyrirhugaðs eiganda.

- 15) Með tilliti til meðalhófs er í tilteknum tilvikum nóg að fyrirhugaður eigandi láti aðeins af hendi takmarkaðar upplýsingar. Það á einkum við þegar lögbært yfirvald markfyrirtækisins hefur metið fyrirhugaðan eiganda á síðustu tveimur árum eða þegar markfyrirtækið er lítið verðbréfafyrirtæki og fyrirhugaður eigandi er með starfsleyfi og undir eftirliti í Sambandinu en þá ætti aðeins að vera nauðsynlegt að afhenda lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins ákveðnar takmarkaðar upplýsingar..
- 16) Öll miðlun eða sending upplýsinga milli lögbærra yfirvalda, annarra yfirvalda, aðila eða einstaklinga ættu að fara fram í samræmi við reglur um persónuupplýsingar, eins og mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ⁽¹⁾.
- 17) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ⁽²⁾ gildir um vinnslu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) á persónuupplýsingum við beitingu þessarar reglugerðar.
- 18) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.
- 19) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽³⁾.
- 20) Tilskipun 2014/65/ESB öðlaðist gildi 2. júlí 2014. Ákvæði 8. mgr. 12. gr. þeirrar tilskipunar kemur í stað 8. mgr. 10. gr. a tilskipunar 2004/39/EB og innihalda valdheimildir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að þróa tæknilega eftirlitsstaðla sem samsvara þeim sem kveðið er á um í 8. mgr. 10. gr. a tilskipunar 2004/39/EB. Enn fremur er efni ákvæða 4. mgr. 10. gr. b og 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2004/39/EB einnig samsvarandi efni ákvæða 4. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 11. tilskipunar 2014/65/ESB. Í samræmi við 1. mgr. 94. gr. tilskipunar 2014/65/ESB verður tilskipun 2004/39/EB felld úr gildi frá og með 3. janúar 2018. Samþykkt framkvæmdastjórnarinnar á tæknilegu stöðlunum í samræmi við 8. mgr. 10. gr. a tilskipunar 2004/39/EB ætti einnig að teljast vera í samræmi við 8. mgr. 12. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, með þeim afleiðingum að tæknilegu staðlarnir gilda áfram eftir 3. janúar 2018 án þess þörf sé á frekari breytingu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í reglugerð þessari eru settar fram reglur um hvaða upplýsingar fyrirhugaður eigandi þarf að veita í tilkynningu um fyrirhugaða öflun eða aukningu til lögbærra yfirvalda verðbréfafyrirtækis sem hann hyggst eignast virkan eignarhlut, eða auka virkan eignarhlut sinn, í („markfyrirtæki“), vegna mats á fyrirhuguðum kaupum.

2. gr.

Upplýsingar sem fyrirhugaður eigandi skal veita

Fyrirhugaður eigandi skal veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins þær upplýsingar sem eru settar fram í 3.–12. gr., eftir því sem við á, út frá því hvort upplýsingarnar varða einstakling, lögaðila eða fjárvörslusjóð.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjttíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjttíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjttíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

3. gr.

Almennar upplýsingar sem varða deili á fyrirhuguðum eiganda

1. Sé fyrirhugaður eigandi einstaklingur skal hann veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins eftirfarandi upplýsingar, sem varða deili á honum:

- a) persónuupplýsingar, þ.m.t. nafn einstaklingsins, fæðingardag og -stað, heimilisfang og samskiptaupplýsingar og landsbundna kennitölu, sé hún tiltæk,
- b) ítarlega ferilskrá eða sambærilegt skjal sem tilgreinir viðkomandi menntun og þjálfun, fyrri starfsreynslu, núverandi atvinnustarfsemi og störf sem viðkomandi hefur með höndum og skipta máli.

2. Sé fyrirhugaður eigandi lögaðili skal hann veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins eftirfarandi upplýsingar:

- a) gögn sem votta firmaheiti og lögheimili höfuðstöðva hans og pósthfang, sé það annað, samskiptaupplýsingar og landsbundna kennitölu, sé hún tiltæk,
- b) upplýsingar um skráningu rekstrarforms í samræmi við viðkomandi landslöggefi,
- c) uppfært yfirlit um atvinnurekstur lögaðilans,
- d) tæmandi lista yfir einstaklinga sem í reynd stjórna starfseminni, nafn hvers og eins þeirra, fæðingardag og -stað, heimilisfang, samskiptaupplýsingar, landsbundna kennitölu, sé hún tiltæk, ítarlegar ferilskrár þeirra sem tilgreina viðkomandi menntun og þjálfun, fyrri starfsreynslu, núverandi atvinnustarfsemi þeirra og önnur störf sem viðkomandi hefur með höndum og skipta máli,
- e) deili á öllum einstaklingum sem geta talist raunverulegir eigendur lögaðilans, nafn hvers og eins þeirra, fæðingardag og -stað, heimilisfang, samskiptaupplýsingar og landsbundna kennitölu, sé hún tiltæk.

3. Ef fyrirhugaður eigandi er, eða fyrirhugað er að hann verði, fjárvörslusjóður (e. *trust*) skal hann veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins eftirfarandi upplýsingar:

- a) deili á öllum vörslumönnum (e. *trustees*) sem stýra eignum samkvæmt skilmálum fjárvörsluskjalsins (e. *trust document*),
- b) deili á öllum aðilum sem eru raunverulegir eigendur eigna í fjárvörslusjóðnum og hlutur hvers þeirra í tekjuútgreiðslum,
- c) deili á öllum aðilum sem eru stofnendur (e. *settlers*) fjárvörslusjóðsins.

4. gr.

Viðbótarupplýsingar um fyrirhugaðan eiganda sem er einstaklingur

Fyrirhugaður eigandi sem er einstaklingur skal einnig láta lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins eftirfarandi í té:

- a) um fyrirhugaðan eiganda og hvert fyrirtæki sem hann hefur stjórnað eða ráðið yfir á næstliðnum 10 árum:
 - 1) sakavottorð og upplýsingar um sakamál sem hafa verið rannsökuð eða höfðuð, einka- og stjórnsýslumál sem hafa verið höfðuð og máli skipta og viðurlagabeiting, þ.m.t. svipting stjórnunarstöðu hjá fyrirtæki eða gjaldþrot, ógjaldfærni eða svipuð ferli, á formi opinbers vottorðs eða annars jafngilds skjals,
 - 2) upplýsingar um yfirstandandi rannsóknir, mál er varða framfylgd laga, viðurlög eða aðrar ákvarðanir um framfylgd laga gegn fyrirhuguðum kaupanda, sem heimilt er að veita að viðlögðum drengskap,
 - 3) upplýsingar um synjun skráningar, heimildar, aðildar eða starfsleyfis til að stunda viðskipti, rekstur eða starf, eða afturköllun, ógildingu eða uppsögn slíkrar skráningar, heimildar, aðildar eða starfsleyfis, eða brottvísun af hálfu eftirlitsaðila, ríkisstofnunar, fagfélags eða samtaka,
 - 4) upplýsingar um brottvikningu úr starfi eða trúnaðarstöðu, uppsögn umboðsskyldusambands eða svipaðar aðstæður,
- b) upplýsingar um hvort annað eftirlitsyfirvald hefur þegar metið orðspor fyrirhugaðs eiganda, deili á því yfirvaldi og sönnunargögn um niðurstöðu matsins,

- c) upplýsingar um núverandi fjárhagsstöðu fyrirhugaðs eiganda, þ.m.t. ítarlegar upplýsingar um hvaðan tekjur hans koma, eignir og skuldir, veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar, veittar eða viðteknar,
- d) lýsingu á atvinnustarfsemi fyrirhugaðs eiganda,
- e) fjárhagsupplýsingar, þ.m.t. lánshæfismöt og skýrslur sem eru aðgengilegar öllum um þau fyrirtæki sem fyrirhugaður eigandi stjórnar eða ræður yfir og, ef við á, um fyrirhugaðan eiganda,
- f) lýsingu á fjárhagslegum og ófjárhagslegum hagsmunum eða tengslum fyrirhugaðs eiganda við:
- 1) aðra núverandi hluthafa í markfyrirtækinu,
 - 2) hvern þann aðila sem á atkvæðisrétt í markfyrirtækinu í einu eða fleiri eftirfarandi tilvika:
 - ef þriðji aðili fer með atkvæðisrétt og hefur gert samkomulag við viðkomandi einstakling eða lögaðila sem skuldbindur þá til að taka upp, með samræmdri beitingu atkvæðisréttar síns, varanlega og sameiginlega stefnu um stjórnun viðkomandi markfyrirtækis,
 - ef þriðji aðili fer með atkvæðisrétt samkvæmt samkomulagi við viðkomandi einstakling eða lögaðila um tímabundinn flutning atkvæðisréttarins sem um er að ræða, gegn endurgjaldi,
 - ef atkvæðisréttur fylgir hlutum sem fengnir eru viðkomandi einstaklingi eða lögaðila sem trygging, að því tilskildu að viðkomandi einstaklingur eða lögaðili ráði yfir atkvæðisréttinum og lýsi því yfir að hann hyggist nýta sér hann,
 - ef atkvæðisréttur fylgir hlutum sem sá einstaklingur eða lögaðili nýtur lífstíðarbundinna réttinda (e. *life interest*) af,
 - sé um að ræða atkvæðisrétt sem fyrirtæki, sem hlutaðeigandi einstaklingur eða lögaðili hefur yfirráð yfir, fer með eða nýtir í skilningi fyrstu fjögurra liða í ii. lið f-liðar,
 - sé um að ræða atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í vörslu viðkomandi einstaklings eða lögaðila sem hann getur nýtt að eigin ákvörðun berist engin sérstök fyrirmæli frá hluthöfunum,
 - sé um að ræða atkvæðisrétt sem þriðji aðili fer með í eigin nafni en fyrir hönd viðkomandi einstaklings eða lögaðila,
 - sé um að ræða atkvæðisrétt sem viðkomandi einstaklingi eða lögaðila er heimilt að nýta sem umboðsmaður og hann getur nýtt að eigin ákvörðun berist engin sérstök fyrirmæli frá hluthöfunum,
 - 3) hvern þann sem situr í stjórn eða starfar í framkvæmdastjórn eða eftirlitseiningu, í samræmi við viðkomandi landslög, eða í framkvæmdastjórn markfyrirtækisins,
 - 4) markfyrirtækið sjálft og samstæðu þess,
- g) upplýsingar um aðra hagsmuni eða starfsemi fyrirhugaðs eiganda sem gætu rekist á við hagsmuni markfyrirtækisins og hugsanlegar lausnir til að takast á við hagsmunaárekstrana.

Að því er varðar f-lið skulu lánastarfsemi, ábyrgðarskuldbindingar og veðsetningar teljast til fjárhagslegra hagsmuna en fjölskyldutengsl og önnur náin tengsl teljast til ófjárhagslegra hagsmuna.

5. gr.

Viðbótarupplýsingar um fyrirhugaðan eiganda sem er lögaðili

1. Fyrirhugaður eigandi sem er lögaðili skal einnig afhenda lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins eftirfarandi:
 - a) upplýsingar um fyrirhugaðan eiganda, alla einstaklinga sem í reynd stjórna starfsemi fyrirhugaðs eiganda, öll fyrirtæki sem fyrirhugaður eigandi hefur yfirráð yfir og alla hluthafa sem hafa veruleg áhrif á fyrirhugaðan eiganda eins og greinir í e-lið. Þessar upplýsingar skulu hafa að geyma eftirfarandi:
 - 1) sakavottorð og upplýsingar um sakamál sem hafa verið rannsökuð og/eða höfðuð gegn viðkomandi, einka- og stjórnarsýslumál sem máli skipta, viðurlög, þ.m.t. sviptingu stjórnunarstöðu hjá fyrirtæki eða gjaldþrot, ógjaldfærni eða svipuð ferli, á formi opinbers vottorðs eða annars jafngilds skjals,

- 2) upplýsingar um yfirstandandi rannsóknir, mál er varða framfylgd laga, viðurlög eða aðrar ákvarðanir um framfylgd laga gegn fyrirhuguðum kaupanda, sem heimilt er að veita að viðlögðum drengskap,
 - 3) upplýsingar um synjun skráningar, heimildar, aðildar eða starfsleyfis til að stunda viðskipti, atvinnustarfsemi eða starf, eða afturköllun, ógildingu eða uppsögn slíkrar skráningar, heimildar, aðildar eða starfsleyfis, eða brottvísun af hálfu eftirlitsaðila, ríkisstofnunar, fagfélags eða samtaka,
 - 4) upplýsingar um brottvikningu úr starfi eða trúnaðarstöðu, uppsögn umboðsskyldusambands eða svipaðar aðstæður að því er varðar alla einstaklinga sem í reynd stjórna starfsemi fyrirhugaðs eiganda og alla hluthafa sem hafa veruleg áhrif á fyrirhugaðan eiganda,
- b) upplýsingar um hvort annað eftirlitsfirvald hafi þegar metið orðspor fyrirhugaðs eiganda eða einstaklingsins sem stjórnar starfsemi hans, deili á því yfirvaldi og sönnunargögn um niðurstöðu matsins,
- c) lýsingu á fjárhagslegum hagsmunum, ófjárhagslegum hagsmunum og tengslum fyrirhugaðs eiganda eða, þegar við á, samstæðunnar sem fyrirhugaður eigandi tilheyrir, sem og þeirra einstaklinga sem í reynd stjórna starfsemi hans, við:
- 1) aðra núverandi hluthafa markfyrirtækisins,
 - 2) hvern þann einstakling sem fer með atkvæðisrétt í markfyrirtækinu í einu eða fleiri eftirfarandi tilvika:
 - ef þriðji aðili fer með atkvæðisrétt og hefur gert samkomulag við viðkomandi einstakling eða lögaðila sem skuldbindur þá til að taka upp, með samræmdri beitingu atkvæðisréttar síns, varanlega og sameiginlega stefnu um stjórnun viðkomandi markfyrirtækis,
 - ef þriðji aðili fer með atkvæðisrétt samkvæmt samkomulagi við viðkomandi einstakling eða lögaðila um tímabundinn flutning atkvæðisréttarins sem um er að ræða, gegn endurgjaldi,
 - ef atkvæðisréttur fylgir hlutum sem fengnir eru viðkomandi einstaklingi eða lögaðila sem trygging, að því tilskildu að viðkomandi einstaklingur eða lögaðili ráði yfir atkvæðisréttinum og lýsi því yfir að hann hyggist nýta sér hann,
 - ef atkvæðisréttur fylgir hlutum sem sá einstaklingur eða lögaðili nýtur lífstíðarbundinna réttinda af,
 - sé um að ræða atkvæðisrétt sem fyrirtæki, sem sá einstaklingur eða lögaðili hefur yfirráð yfir, ræður yfir eða nýtir í skilningi fyrstu fjögurra liða í ii. lið c-liðar,
 - sé um að ræða atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í vörslu viðkomandi einstaklings eða lögaðila sem hann getur nýtt að eigin ákvörðun berist engin sérstök fyrirmæli frá hluthöfunum,
 - sé um að ræða atkvæðisrétt sem þriðji aðili fer með í eigin nafni en fyrir hönd viðkomandi einstaklings eða lögaðila,
 - sé um að ræða atkvæðisrétt sem viðkomandi einstaklingi eða lögaðila er heimilt að nýta sem umboðsmaður og hann getur nýtt að eigin ákvörðun berist engin sérstök fyrirmæli frá hluthöfunum,
 - 3) hvern þann sem situr í stjórn eða starfar í framkvæmdastjórn eða eftirlitseiningu eða í framkvæmdastjórn markfyrirtækisins,
 - 4) markfyrirtækið sjálft og samstæðuna sem það tilheyrir,
- d) upplýsingar um hvers kyns aðra hagsmuni eða starfsemi fyrirhugaðs eiganda sem gætu rekist á við hagsmuni markfyrirtækisins, og hugsanlegar lausnir til að takast á við hagsmunaaðreksstrana,
- e) upplýsingar um hluthafaskipan fyrirhugaðs eiganda, þ. á m. deili á öllum hluthöfum sem hafa veruleg áhrif og hlutafjäreign og atkvæðisrétt þeirra, þ.m.t. upplýsingar um öll hluthafasamkomulög,
- f) sé fyrirhugaður eigandi hluti af samstæðu, sem dótturfélag eða móðurfélag, ítarlegt skipurit alls fyrirtækisins og upplýsingar um hlutafjäreign og atkvæðisrétt hluthafa sem hafa veruleg áhrif á fyrirtæki samstæðunnar og á núverandi starfsemi þeirra,

- g) sé fyrirhugaður eigandi hluti af samstæðu, sem dótturfélag eða móðurfélag, upplýsingar um tengslin milli fjárhagslegra og ófjárhagslegra aðila í samstæðunni,
- h) deili á öllum lánastofnunum, líffrygginga-, váttrygginga- eða endurtryggingafélögum, sjóðum um sameiginlega fjárfestingu og stjórnendum þeirra eða verðbréfafyrirtækjum innan samstæðunnar og nöfn viðkomandi eftirlitsyfirvalda,
- i) lögboðin reikningsskil á stigi einstakra fyrirtækja og, eftir atvikum, á samstæðu- og undirsamstæðugrunni fyrir næstliðin þrjú fjárhagstímabil. Endurskoði ytri aðili þessi reikningsskil skal fyrirhugaður eigandi afhenda þau árituð af ytri endurskoðanda. Lögboðnu reikningsskilin skulu innihalda:
 - 1) efnahagsreikninginn,
 - 2) rekstrarreikninginn,
 - 3) ársskýrslur og fjárhagslega viðauka og öll önnur skjöl sem skráð eru hjá viðkomandi skráningarskrifstofu eða yfirvaldi á viðkomandi yfirráðasvæði vegna fyrirhugaðs eiganda,
- j) upplýsingar, séu þær tiltækar, um lánshæfismat fyrirhugaðs eiganda og heildarmat samstæðu hans.

Að því er varðar c-lið skulu lánastarfsemi, ábyrgðir og veðsetningar teljast til fjárhagslegra hagsmuna en fjölskyldutengsl og önnur náin tengsl teljast til ófjárhagslegra hagsmuna.

Að því er varðar i-lið skal fyrirhugaður eigandi, sé hann nýstofnaður lögaðili, afhenda lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins spá um efnahagsreikning og spá um rekstrarreikning fyrstu þriggja rekstrarára, þ.m.t. forsendur áætlana, í stað lögboðinna reikningsskila.

2. Sé fyrirhugaður eigandi lögaðili með skráðar höfuðstöðvar í þriðja landi skal hann veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins eftirfarandi viðbótarupplýsingar:

- a) vottorð um að hann sé í góðum skilum með opinberar skuldbindingar (e. *certificate of good standing*) eða jafngilt skjal frá viðkomandi erlendum lögbærum yfirvöldum,
- b) yfirlýsingu viðkomandi erlends lögbærs yfirvalds um að engar hindranir eða takmarkanir standi í vegi fyrir þeirri upplýsingagjöf sem er nauðsynleg til að hafa eftirlit með markfyrirtækinu,
- c) almennar upplýsingar um regluverk viðkomandi þriðja lands, eftir því sem við á um fyrirhugaðan eiganda.

3. Sé fyrirhugaður eigandi fjárfestingarsjóður í ríkiseigu skal hann veita lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins eftirfarandi viðbótarupplýsingar:

- a) heiti ráðuneytis eða stjórnvalds sem hefur með höndum að skilgreina fjárfestingarstefnu sjóðsins,
- b) upplýsingar um fjárfestingarstefnu og takmarkanir á fjárfestingu,
- c) heiti og stöðu einstaklinga sem taka fjárfestingarákvarðanir fyrir sjóðinn og upplýsingar um virka eignarhluti og áhrif, eins og um getur í 2. mgr. 11. gr., sem viðkomandi ráðuneyti eða stjórnvald hefur á daglegan rekstur sjóðsins og markfyrirtækisins.

6. gr.

Upplýsingar um einstaklinga sem munu í reynd stjórna starfsemi markfyrirtækisins

Fyrirhugaður eigandi skal afhenda lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins eftirfarandi upplýsingar í tengslum við orðspor og reynslu hvers einstaklings sem mun í reynd stjórna starfsemi markfyrirtækisins eftir fyrirhuguð kaup:

- a) persónuupplýsingar, þ.m.t. nafn einstaklingsins, fæðingardag og -stað, heimilisfang og samskiptaupplýsingar og landsbundna kennitölu, sé hún tiltæk,
- b) stöðu sem viðkomandi er eða verður skipaður í,

- c) ítarlega ferilskrá sem tilgreinir viðkomandi menntun og starfsþjálfun, starfsreynslu, þ.m.t. nöfn allra stofnana og fyrirtækja sem einstaklingurinn hefur starfað hjá og eðli og tímalengd starfanna sem hann gegndi, einkum starfa á sama sviði og staðan sem sóst er eftir, og skjöl sem varða reynslu einstaklingsins, svo sem lista yfir meðmælendur, þ.m.t. samskiptaupplýsingar og meðmælabréf. Að því er varðar stöður sem viðkomandi einstaklingur hefur gegnt á næstliðnum 10 árum skal hann í lýsingu þeirra starfa tilgreina valdheimildir, innra ákvarðanatökuvald og starfssvið undir stjórn hans. Sé önnur viðkomandi reynsla tilgreind í ferilskránni, s.s. stjórnarseta, skal tilgreina eftirfarandi:
- d) upplýsingar um:
- 1) sakavottorð, sakamál sem hafa verið rannsökuð og/eða höfðuð gegn viðkomandi, einka- og stjórnsýslumál sem máli skipta, viðurlög, þ.m.t. sviptingu stjórnunarstöðu hjá fyrirtæki eða gjaldþrot, ógjaldfærni eða svipuð ferli, á formi opinbers vottorðs eða annars jafngilds skjals,
 - 2) yfirstandandi rannsóknir, mál er varða framfylgd laga, viðurlög eða aðrar ákvarðanir um framfylgd laga gegn einstaklingnum, sem heimilt er að veita að viðlögðum drengskap,
 - 3) synjun skráningar, heimildar, aðildar eða starfsleyfis til að stunda viðskipti, rekstur eða starf, eða afturköllun, ógildingu eða uppsögn slíkrar skráningar, heimildar, aðildar eða starfsleyfis, eða brottvísun af hálfu eftirlitsaðila, ríkisstofnunar, fagfélags eða samtaka,
 - 4) brottvikningu úr starfi eða trúnaðarstöðu, uppsögn umboðsskyldusambands eða svipaðar aðstæður,
- e) upplýsingar um hvort annað eftirlitsyfirvald hafi þegar metið orðspor einstaklingsins sem stjórnar starfsemi, deili á því yfirvaldi og sönnunargögn um niðurstöðu matsins,
- f) lýsingu á öllum fjárhaglegum og ófjárhaglegum hagsmunum og tengslum einstaklingsins og nánustu ættingja hans við þá sem sitja í stjórn eða gegna lykilhlutverki hjá sama fyrirtæki, móðurfélaginu og dótturfélögum og við hluthafa,
- g) lágmarkstíma, í árum og mánuðum, sem viðkomandi einstaklingur mun helga störfum sínum hjá markfyrirtækinu,
- h) lista yfir núverandi stjórnarsetu einstaklingsins, þar á meðal sem starfandi stjórnarmaður.

Að því er varðar f-lið skulu lánastarfsemi, hlutfjáreign, ábyrgðarskuldbindingar og veðsetningar teljast til fjárhagslegra hagsmuna en fjölskyldutengsl og önnur nán tengsl teljast til ófjárhagslegra hagsmuna.

7. gr.

Upplýsingar um fjármögnun í tengslum við fyrirhuguð kaup

Fyrirhugaður eigandi skal afhenda lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins eftirfarandi upplýsingar í tengslum við fyrirhuguð kaup:

- a) deili á markfyrirtækinu,
- b) upplýsingar um áform fyrirhugaðs eiganda í tengslum við fyrirhuguð kaup, þ.m.t. stefnumiðaðar fjárfestingar (e. *strategic investment*) eða fjárfestingar sem hluti af eignasafni (e. *portfolio investment*),
- c) upplýsingar um hlutabréf sem fyrirhugaður eigandi á, eða ráðgert er að hann muni eignast, í markfyrirtækinu, þ.m.t.:
 - 1) fjölda og tegundir hlutabréfa og nafnverð þeirra,
 - 2) hundraðshluta af heildarhlutfé markfyrirtækisins sem hlutirnir sem fyrirhugaður eigandi á, eða áformar að eignast,
 - 3) hlutfall heildaratkvæðamagns í markfyrirtækinu sem fylgir hlutunum sem fyrirhugaður eigandi á, eða áformar að eignast, sé það annað en hlutfallið af hlutfé markfyrirtækisins,
 - 4) markaðsvirði, í evrum og gjaldmiðli viðkomandi lands, hlutabréfa sem fyrirhugaður eigandi á í markfyrirtækinu, eða áformar að eignast,

- d) lýsingu á aðgerðum í samráði við aðra aðila, þ.m.t. framlagi þeirra til fjármögnunar á fyrirhuguðum kaupum, hvernig þátttaka fer fram í fjárhagslegum ráðstöfunum vegna fyrirhugaðra kaupa og framtíðarskipan fyrirhugaðra kaupa,
- e) efni ráðgerðra hluthafasamkomulaga við aðra hluthafa í tengslum við markfyrirtækið,
- f) fyrirhugað kaupverð og forsendur við ákvörðun slíks verðs og, sé munur á markaðsverði og fyrirhuguðu kaupverði, útskýring á því hvers vegna svo er.

8. gr.

Upplýsingar um nýtt fyrirhugað samstæðuskipulag og áhrif þess á eftirlit

1. Sé fyrirhugaður eigandi lögaðili skal hann afhenda lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins greiningu á umfangi samstæðueftirlits samstæðunnar sem markfyrirtækið myndi tilheyra eftir fyrirhuguð kaup. Greiningin skal taka til þess hvaða fyrirtæki í samstæðunni myndu falla undir kröfur um samstæðueftirlit eftir fyrirhuguð kaup og á hvaða stigum innan samstæðunnar þessar kröfur myndu gilda á samstæðugrunni eða undirsamstæðugrunni..
2. Fyrirhugaður eigandi skal einnig afhenda lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins greiningu á áhrifum fyrirhugaðra kaupa á getu markfyrirtækisins til að halda áfram að veita eftirlitsaðila sínum tímanlegar og nákvæmar upplýsingar, þ.m.t. vegna náninna tengsla fyrirhugaðs eiganda við markfyrirtækið.

9. gr.

Upplýsingar um fjármögnun fyrirhugaðra kaupa

Fyrirhugaður eigandi skal afhenda lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins ítarlega útskýringu á fjármögnunarleiðum við fyrirhuguð kaup, þ.m.t.:

- a) ítarlegar upplýsingar um notkun einkafjármagns og uppruna og tiltækileika fjárins, þ.m.t. viðeigandi stuðningsskjöl sem veita lögbæra yfirvaldinu sönnun fyrir því að engin tilraun til peningabættis sé gerð gegnum fyrirhuguð kaup,
- b) ítarlegar upplýsingar um greiðslumiðil fyrirhugaðra kaupa og netkerfið sem notað verður til millifærslu fjár,
- c) ítarlegar upplýsingar um aðgang að fjármagni og fjármálamörkuðum, þ.m.t. um fjármálagerninga sem fyrirhugað er að gefa út,
- d) upplýsingar um notkun lánsfjár, þ.m.t. nöfn viðkomandi lánveitenda og ítarlegar upplýsingar um veittar fyrirgreiðslur, þ.m.t. lokagjalddaga, skilmála, veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar, auk upplýsinga um tekjustofna sem nota á til að endurgreiða lánin og uppruna lánsfjárins sé lánveitandinn ekki eftirlitsskyld fjármálastofnun,
- e) upplýsingar um allt fjárhagslegt samkomulag við aðra hluthafa markfyrirtækisins,
- f) upplýsingar um eignir fyrirhugaðs kaupanda eða markfyrirtækisins sem selja á til að auðvelda fjármögnun fyrirhugaðra kaupa sem og skilyrði sölunnar, þ.m.t. verð, mat, upplýsingar um eiginleika eignanna og hvenær og hvernig þær komust í eigu viðkomandi.

10. gr.

Viðbótarkröfur vegna virks eignarhlutar upp að 20%

Ef fyrirhuguð kaup myndu leiða til þess að fyrirhugaður eigandi eignaðist allt að 20% virkan eignarhlut í markfyrirtækinu skal hann afhenda lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins stefnuskipti með eftirfarandi upplýsingum:

- a) um tímabilið sem fyrirhugaður eigandi hyggst eiga hlutafjäreign sína eftir fyrirhuguð kaup og hvort hann hyggst auka, draga úr eða viðhalda hlutafjäreign sinni í fyrirsjáanlegri framtíð,

- b) um fyrirætlan fyrirhugaðs kaupanda í tengslum við markfyrirtækið, þ.m.t. hvort hann hyggst beita yfirráðum með einhverjum hætti í markfyrirtækinu, ásamt rökstuðningi fyrir þeirri aðgerð,
- c) um fjárhagsstöðu fyrirhugaðs kaupanda og vilja hans til að styðja markfyrirtækið með viðbótareiginfé ef þörf er á til að þróa starfsemi þess eða ef fjárhagserfiðleikar steðja að því.

11. gr.

Viðbótarkröfur vegna virks eignarhlutar milli 20% og 50%

1. Ef fyrirhuguð kaup myndu leiða til þess að fyrirhugaður eigandi eignaðist milli 20% og 50% virkan eignarhlut í markfyrirtækinu skal hann afhenda lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins stefnuskjal sem hefur að geyma eftirfarandi upplýsingar:

- a) allar þær upplýsingar sem settar eru fram í 10. gr.,
- b) ítarlegar upplýsingar um þau áhrif sem fyrirhugaður eigandi hyggst hafa á fjárhagsstöðu markfyrirtækisins, þ.m.t. arðgreiðslustefnu, stefnumörkun og ráðstöfun fjármuna þess,
- c) lýsingu á áformum fyrirhugaðs kaupanda og væntingar um markfyrirtækið til meðallangs tíma, sem tekur til allra þátta sem um getur í 2. og 3. mgr. 12. gr.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal fyrirhugaður eigandi eins og um getur í 10. gr. einnig veita lögbærum yfirvöldum markfyrirtækisins þær upplýsingar sem um getur í þeirri málsgrein ef áhrifin sem myndu fylgja hlutafjäreign hans myndu, á grundvelli ítarlegs mats á hluthafaskipan markfyrirtækisins, jafngilda þeim áhrifum sem fylgja hlutafjäreign milli 20% og 50%.

12. gr.

Viðbótarkröfur vegna virks eignarhlutar sem nemur 50% eða meira

1. Ef fyrirhuguð kaup myndu leiða til þess að fyrirhugaður eigandi eignaðist virkan eignarhlut í markfyrirtækinu sem nærmi 50% eða meira, eða til þess að markfyrirtækið yrði dótturfélag hans, skal fyrirhugaður eigandi afhenda lögbæra yfirvaldinu viðskiptaáætlun sem hefur að geyma stefnumörkunaráætlun (e. strategic development plan), áætluð reikningsskil markfyrirtækisins og upplýsingar um áhrif kaupanna á stjórnarhætti og almennt stjórnskipulag þess.

2. Stefnumörkunaráætlun sem um getur í 1. mgr. skal hafa að geyma almenna umfjöllun um helstu markmið fyrirhugaðra kaupa og helstu leiðir til að ná þeim, þ.m.t.:

- a) heildarmarkmið fyrirhugaðra kaupa,
 - b) fjárhagsleg markmið til meðallangs tíma, sem setja má fram sem ávöxtun eigin fjár, kostnaðarábatahlutfall (e. *cost-benefit ratio*), hagnað á hlut eða á annan hátt, eins og við á,
 - c) hugsanlegar breytingar á starfsemi, afurðum og markhópi viðskiptavina og hugsanlega endurráðstöfun fjármuna eða tilfanga sem gert er ráð fyrir að muni hafa áhrif á markfyrirtækið,
 - d) almenn ferli aðlögunar og samþættingar markfyrirtækisins inn í samstæðuskipulag fyrirhugaðs kaupanda, þ.m.t. lýsingu á helstu tengslum sem fyrirhuguð eru við önnur fyrirtæki í samstæðunni, sem og lýsingu á stefnum um tengsl innan samstæðunnar.
3. Sé fyrirhugaður eigandi aðili sem hefur starfsleyfi og lýtur eftirliti í Sambandinu skulu upplýsingar um einstakar deildir innan skipulags samstæðunnar sem verða fyrir áhrifum af fyrirhuguðum kaupum nægja að því er varðar þær upplýsingar sem um getur í d-lið.

4. Áætluð reikningsskil markfyrirtækisins, sem um getur í 1. mgr., skulu hafa að geyma eftirfarandi um þriggja ára viðmiðunartímabil, bæði á fyrirtækja- og samstæðugrunni:

- a) spá um efnahagsreikning og rekstrarreikning,
- b) spá um varfærniseiginfjárkröfur (e. prudential capital requirements) og gjaldþolshlutfall,

- c) upplýsingar um áhættustig, þ.m.t. greiðslufalls-, markaðs- og rekstraráhættu og annarrar áhættu sem máli skiptir,
 - d) spá um viðskipti innan samstæðu.
5. Upplýsingarnar um áhrif kaupanna á stjórnarhætti og almennt stjórnskipulag markfyrirtækisins, sem um getur í 1. mgr., skulu taka til áhrifanna á:
- a) samsetningu og skyldur framkvæmdastjórnar, stjórnar og eftirlitseininga og helstu nefnda sem slíkir aðilar sem fara með ákvarðanatöku stofna, þ.m.t. nefnda á vegum stjórnar, áhættunefndar, endurskoðunarnefndar og starfskjaranefndar, að meðtöldum upplýsingum um einstaklinga sem verða ráðnir til að stjórna starfsemi,
 - b) stjórnunar- og bókhaldsaðferðir og innra eftirlit, þ.m.t. breytinga á verklagsreglum og kerfum sem varða bókhald, innri endurskoðun, baráttu gegn peningþvætti, áhættustýringu og ráðningu lykilstarfsmannanna innri endurskoðanda, regluvarðar og áhættustjóra,
 - c) heildarhöggun upplýsingatæknikerfa, þ.m.t. breytinga á útivistunarstefnu á sviði upplýsingatækni, gagnaflæði, hugbúnað sem notaður er innan- og utanhúss og mikilvægar verklagsreglur og tæki til að tryggja öryggi gagna og kerfa, s.s. öryggisafritun, áætlun um rekstrarsamfellu og gagnaslóðir (e. *audit trails*),
 - d) stefnur sem gilda um útvistun, þ.m.t. upplýsingar um hlutaðeigandi svið, val á þjónustuveitendum og viðkomandi réttindi og skyldur aðila að útivistunarsamningnum, s.s. fyrirkomulag úttekta og gæðakröfur til þjónustuveitenda,
 - e) aðrar viðkomandi upplýsingar sem varða áhrif kaupanna á stjórnarhætti og almennt skipulag markfyrirtækisins, þ.m.t. allar breytingar sem varða atkvæðisrétt hluthafa.

13. gr.

Takmarkaðar upplýsingakröfur

1. Ef fyrirhugaður eigandi hefur starfsleyfi og lýtur eftirliti í Sambandinu og markfyrirtækið uppfyllir þau viðmið sem sett eru fram í 2. mgr. skal fyrirhugaður eigandi, þrátt fyrir 2. gr., leggja fram eftirfarandi upplýsingar hjá lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins:
- a) sé fyrirhugaður eigandi einstaklingur:
 - 1) upplýsingarnar sem settar eru fram í 1. mgr. 3. gr.,
 - 2) upplýsingarnar sem settar eru fram í c- til g-lið 4. gr.,
 - 3) upplýsingarnar sem settar eru fram í 6., 7. og 9. gr.,
 - 4) upplýsingarnar sem settar eru fram í 1. mgr. 8. gr.,
 - 5) stefnuskjal eins sett er fram í 10. gr. ef fyrirhuguð kaup myndu leiða til þess að fyrirhugaður eigandi eignaðist allt að 20% virkan eignarhlut í markfyrirtækinu,
 - 6) stefnuskjal eins og sett er fram í 11. gr. ef fyrirhuguð kaup myndu leiða til þess að fyrirhugaður eigandi eignaðist virkan eignarhlut í markfyrirtækinu sem næmi milli 20% og 50%,
 - b) sé fyrirhugaður eigandi lögaðili:
 - 1) upplýsingarnar sem settar eru fram í 2. mgr. 3. gr.,
 - 2) upplýsingarnar sem settar eru fram í c- til j-lið 1. mgr. 5. gr. og, þegar við á, upplýsingarnar sem settar eru fram í 3. mgr. 5. gr.,
 - 3) upplýsingarnar sem settar eru fram í 6., 7. og 9. gr.,
 - 4) upplýsingarnar sem settar eru fram í 1. mgr. 8. gr.,
 - 5) stefnuskjal eins sett er fram í 10. gr. ef fyrirhuguð kaup myndu leiða til þess að fyrirhugaður eigandi eignaðist allt að 20% virkan eignarhlut í markfyrirtækinu,
 - 6) stefnuskjal eins og sett er fram í 11. gr. ef fyrirhuguð kaup myndu leiða til þess að fyrirhugaður eigandi eignaðist virkan eignarhlut í markfyrirtækinu sem næmi milli 20% og 50%,
 - c) sé fyrirhugaður eigandi fjárvörslusjóður:
 - 1) upplýsingarnar sem settar eru fram í 3. mgr. 3. gr.,
 - 2) ef við á, upplýsingarnar sem settar eru fram í 3. mgr. 5. gr.,

- 3) upplýsingarnar sem settar eru fram í 6., 7. og 9. gr.,
 - 4) upplýsingarnar sem settar eru fram í 1. mgr. 8. gr.,
 - 5) stefnuskjal eins sett er fram í 10. gr. ef fyrirhuguð kaup myndu leiða til þess að fyrirhugaður eigandi eignaðist allt að 20% virkan eignarhlut í markfyrirtækinu,
 - 6) stefnuskjal eins og sett er fram í 11. gr. ef fyrirhuguð kaup myndu leiða til þess að fyrirhugaður eigandi eignaðist virkan eignarhlut í markfyrirtækinu sem næmi milli 20% og 50%,
2. Markfyrirtækið sem um getur í 1. mgr. skal uppfylla eftirfarandi viðmið:
- a) það varðveiti ekki eignir viðskiptavina sinna,
 - b) það hafi ekki leyfi til að veita fjárfestingarþjónustu og stunda starfsemi sem fela í sér „viðskipti fyrir eigin reikning“ eða „sölutryggingu í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga“, sem um getur í 3. og 6. lið þáttar A í I. viðauka tilskipunar 2004/39/EB,
 - c) hafi það starfsleyfi til að veita fjárfestingarþjónustuna „eignastýring“, sem um getur í 4. lið þáttar A í I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB, nemi eignir í stýringu hjá fyrirtækinu undir 500 milljónum evra.
3. Hafi fyrirhugaður eigandi sem um getur í 1. mgr. sætt mati lögbærs yfirvalds markfyrirtækisins á næstliðnum tveimur árum í tengslum við þær upplýsingar sem um getur í 4. og 5. gr. skal fyrirhugaður eigandi einungis veita þær upplýsingar sem hafa breyst frá síðasta mati.

Veiti fyrirhugaður eigandi aðeins þær upplýsingar sem hafa breyst frá síðasta mati í samræmi við fyrstu undirgrein skal hann undirrita yfirlýsingu sem tilkynnir lögbæru yfirvaldi markfyrirtækisins að engin þörf sé á að uppfæra aðrar upplýsingar.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
